

við frv. til laga um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 4. gr. Í stað orðanna „Skipaskoðun ríkisins“ í greininni og hvarvetna síðar í frv. komi (í viðeigandi beygingarföllum): Siglingamálastofnunin.
2. Við 8. gr. Í stað orðsins „skipaskoðunarstjóri“ í greininni og hvarvetna síðar í frv. komi (í viðeigandi beygingarföllum): siglingamálastjóri.
3. Við 38. gr.
 - a. Í stað „37. gr.“ í 2. tölul. komi: 36. gr.
 - b. 4. tölul. falli niður.
4. Við 39. gr. 5. mgr. orðist svo:

Að sjóprófi loknu skal formaður sjódoms senda siglingamálastjóra, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands og Slysavarnafélagi Íslands eftirrit af því.
5. Við 44. gr. Greinin orðist svo:

Við Siglingamálastofnunina skal starfa siglingafróður maður, er hafi það meginverkefni að kanna orsakir sjóslysa. Skal hann mæta við sjópróf, ef um er að ræða manntjón, veruleg meiðslí manna eða meiri háttar eignatjón, og hefur hann þá fyrir dómnum að öllu leyti sama rétt og eftirlitsmaður samkvæmt ákvæðum 39. gr.

Með honum skulu vinna að þessum málum fjórir menn skipaðir af ráðherra til 6 ára í senn samkvæmt tilnefningu þessara aðila: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands og Slysavarnafélags Íslands.

Samstarfsnefnd þessi skal fylgjast eftir föngum með starfi sjódoms og siglingadóms, safna saman upplýsingum, sem skýrt geta eða upplýst orsakir sjóslysa, koma á framfæri leiðbeiningum um slysavarnir og varðarráðstafanir, miðla slíkum upplýsingum til sjómannaskóla, sjómanna og útgerðarmanna og gera tillögur um ráðstafanir til að draga úr slyshættu á sjó.

Framangreindur starfsmaður Siglingamálastofnunarinnar skal í samráði við samstarfsmenn sína í nefndinni, þegar þess er óskað af skólastjórum sjómanna-skóla, skýra fyrir nemendum helstu orsakir sjóslysa hér við land og hvernig unnt sé að forðast þau.

Nefndin semur greinargerðir um rannsókn sjóslysa og ályktanir sínar í því efni. Siglingamálastofnunin birtir niðurstöður nefndarinnar árlega eða oftar, þegar sérstök ástæða þykir til. Ferðakostnaður og önnur nauðsynleg útgjöld nefndarinnar greiðist eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar.
6. Við 45. gr. Greinin falli niður.
7. Við 46. gr. Greinin falli niður.